

Innflutningur dýraafurða

frá ríkjum utan EES

Innflutningur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) á afurðuðum úr dýraríkinu heyrir undir eftirlit Matvælastofnunar, skv. reglugerð nr. 1044/2011 um eftirlit með dýraafurðum frá ríkjum utan EES.

Meginskilyrði

Meginskilyrði fyrir innflutningi dýraafurða frá ríkjum utan EES eru að:

- Innflutningurinn sé tilkynntur með 24 klst. fyrirvara með skráningu í TRACES, sem er samevrópskt kerfi fyrir útgáfu á innflutningsskjölum fyrir dýraafurðir (CVEDP).
- Varan komi frá viðurkenndri starfsstöð skv. skrá ESB:
http://ec.europa.eu/food/food/biosafety/establishments/third_country/index_en.htm
- Varan sé merkt í samræmi við gildandi reglur og með samþykkisnúmeri viðurkenndu starfsstöðvarinnar.
- Sendingunni fylgi frumrit af heilbrigðisvottorði fyrir Evrópumarkað, gefið út af yfirvöldum útflutningslands.
- Afurðirnar berist til landsins á landamærastöð sem hefur tilskilið leyfi.

Séríslensk ákvæði varðandi dýraafurðir

Takmarkanir

Eftirfarandi dýraafurðir er óheimilt að flytja til landsins:

- Ógerilsneyddar mjólkurafurðir
- Hrá egg

Hrátt kjöt er einungis heimilt að flytja til landsins að fenginni heimild ráðherra, eins og segir í reglugerð 448/2012 um varnir

gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins. Sækja ber um þessa heimild til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Sérákvæði gilda um innflutning til einkanota skv. reglugerðum 848/2012 og 448/2012.

Aukaskilyrði

Heimild til innflutnings á hráu kjöti frá ríkjum utan EES er háð megin skilyrðunum hér að ofan en við þau bætast tvö skilyrði að auki:

- Kjötið sé frosið og hafi verið geymt við minnst -18°C í a.m.k. einn mánuð fyrir tollafgreiðslu.
- Kjötinu fylgi opinbert vottorð sem staðfesti að kjötið sé laust við salmonellusýkla.

Íslenskar landamærastöðvar

Tafla: Staðsetning eftirlitsstöðva á landamærum, TRACES númer og eftirlitsleyfi þeirra.

Landamærastöð	TRACES nr.	Leyfi	Geymsluskilyrði afurða	
1	Reykjavík, Eimskip	REY1a	Allar afurðir til manneðis Allar afurðir ekki til manneðis	Allt / pakkað Allt / pakkað
2	Reykjavík, Samskip	REY1b	Fiskafurðir til manneðis Fiskimjöl / lýsi ekki til manneðis	Frosið, umhverfishiti / pakkað Umhverfishiti / pakkað
3	Hafnarfjörður	HAF1	Fiskafurðir til manneðis Fiskimjöl / lýsi ekki til manneðis	Allt / pakkað Umhverfishiti / pakkað
4	Keflavíkurflugvöllur	KEF4	Allar afurðir til manneðis Allar afurðir ekki til manneðis Lifandi fiskeldisdýr	Allt / pakkað Allt / pakkað Allt
5	Þorlákshöfn	THH1	Fiskafurðir til manneðis Lýsi til manneðis Lýsi ekki til manneðis	Frosið / pakkað Umhverfishiti Umhverfishiti
6	Ísafjörður	ISA1	Fiskafurðir til manneðis	Frosið / pakkað
7	Akureyri	AKU1	Fiskafurðir til manneðis Fiskimjöl ekki til manneðis	Frosið, kælt / pakkað Allt
8	Húsavík	HUS1	Fiskafurðir til manneðis	Frosið / pakkað

Samkvæmt gildistöku í desember 2011.

Dýraafurðir

Innflutningseftirlit Matvælastofnunar nær til allra dýraafurða, þar má nefna:

- Afurðir sem innihalda kjöt, fisk, mjólk og egg.
- Lýsi, dýrafeiti, býflugnavax og hunang.
- Fiskimjöl og fóður.
- Óunnin skinn og ull, veiðiminjar og faranddýrasöfn.
- Ensím og vörur úr dýraríkinu sem eru til lækninga.

Nánari skrá yfir dýr og afurðir er að finna í viðauka F í reglugerð 1044/2011 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar má finna á vef
Matvælastofnunar, www.mast.is, undir:

